

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands.

Nefndinni barst ein umsögn og minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneyti sem eru aðgengileg á síðu málsins á vef Alþingis.

Umfjöllun.

Almennt.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar lagfæringar á ákvæðum í sextán lagabálkum á fjármálamarkaði sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur orðið vart við eða verið bent á. Ábendingar bárust einkum frá Seðlabanka Íslands, Eftirlitsstofnun EFTA og Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela til að mynda í sér að leiðréttá vísanir milli ákvæða, skýra og samræma hugtakanotkun og fella brott úrelt ákvæði. Þá er brugðist við innleiðingarhalla gerða á fjármálamarkaði með því að lögfesta heimildir ráðherra eða Seðlabanka Íslands til að innleiða Evrópugerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Umsögn Seðlabanka Íslands.

Í umsögn Seðlabanka Íslands voru lagðar til viðbótar við frumvarpið breytingar á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, og lögum um fjármála-fyrirtæki, nr. 161/2002. Annars vegar lagði Seðlabankinn til að 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. laga nr. 70/2020 félli brott. Samkvæmt 70. gr. laganna getur skilavaldið frestað greiðslu eða afhendingu samkvæmt samningum sem fyrirtæki eða eining í skilameðferð hefur stofnað til. Frestunin gildir frá birtingu tilkynningar um frestun til miðnættis næsta dag. Í 4. mgr. ákvæðisins eru undanþegnar tilteknar skuldbindingar, þar á meðal tryggðar innstæður skv. 1. tölul. málgreinarinnar. Undantekning fyrir tryggðar innstæður í 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. endurspeglar undantekninguna sem finna mátti í 4. mgr. 69. gr. tilskipunarinnar. Hún var aftur á móti felld brott með tilskipun (ESB) 2019/879, eða svokallaðri BRRD II-tilskipun um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB. Í minnisblaði frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var ekki gerð athugasemd við brottfall 1. tölul. 4. mgr. 70. gr. þar sem það fæli í sér betra samræmi við tilskipunarákvæðið. Brottfall undanþágunnar gæti liðkað fyrir skipulegri skilameðferð fjármálafyrirtækja. Á hinn bóginn gæti hún takmarkað aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum.

Hins vegar lagði Seðlabankinn til að ráðherra yrði falið að setja stjórnvaldsfyrirmæli skv. 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 70/2020 og 3. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fremur en Seðlabankanum. Viðkomandi ákvæði fela Seðlabankanum að

setja reglur til að innleiða tilteknar undirgerðir BRRD-tilskipunarinnar sem byggjast á tæknistöðlum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Í minnisblaði ráðuneytisins kemur fram að almennt hefur tíðkast að Seðlabankinn innleiði með reglum undirgerðir Evrópugerða sem byggjast á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði því að hann á áheyrnaraðild að þeim og tekur þátt í starfi vinnuhópa á þeirra vegum sem fást við mótun tæknistaðla. Ráðherra hafi aftur á móti almennt innleitt með reglugerðum undirgerðir sem byggjast ekki á slíkum tæknistöðlum. Tillaga Seðlabankans víki frá þeirri almennu verka-skiptingu en kunni þó að samræmast breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 63/2023, þar sem ráðherra var falið að innleiða tilteknar undirgerðir BRRD-tilskipunarinnar sem vörð-uðu skilastjórnvöld fremur en Seðlabankanum þótt þær byggðust á tæknistöðlum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.

Nefndin telur að framangreindar breytingartillögur séu of umfangsmiklar og því ekki tímabært að svo stöddu að ráðast í þær. Nefndin beinir því þó til stjórnvalda að taka tillögurnar til skoðunar og meta í heild sinni hvort tilefni sé til að leggja þær fram.

Loks leggur nefndin til tæknilegar breytingar sem ekki er ætlað að hafa áhrif á efni frumvarpsins.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGU:

1. Við a-lið 5. gr.
 - a. Í stað orðanna „hefur bæði eftirfarandi einkenni“ í 77. tölul. komi: þar sem hvort tveggja eftirfarandi á við.
 - b. Í stað orðsins „öll“ í 80. tölul. komi: bæði.
2. Í stað „2. mgr.“ í 3. tölul. 34. gr. komi: 3. mgr.
3. Orðið „fjárhæðar“ í c-lið 38. gr. falli brott.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. :

Diljá Mist Einarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álitid með heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Alþingi, 6. júní 2024.

Teitur Björn Einarsson,
form.

Steinunn Þóra Árnadóttir,
frsm.

Ágúst Bjarni Garðarsson.

Diljá Mist Einarsdóttir.

Elín Íris Fanndal.

Guðbrandur Einarsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Oddný G. Harðardóttir.